

Haustþing samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, haldið 12. október 2023 í Húnaþingi vestra samþykkir eftirfarandi ályktun:

Fjármál sveitarfélaganna

- *Tekjustofnar sveitarfélaga verði styrktir*

Haustþing SSNV haldið 12. október 2023 í Húnaþingi vestra skorar á ríkisvaldið að tryggja að fjármagn fylgi verkefnum sem gerð er krafa um að sveitarfélögin vinni og að aukið svigrúm sé skapað til nýrra tekjustofna þeim til handa. Sveitarfélögin geta ekki haldið áfram að taka á sig aukna ábyrgð án stuðnings sem fyrirbyggir áframhaldandi hallarekstur.

Rekstur sveitarfélaga hefur versnað verulega síðustu ár. Á sama tíma hafa skuldir og skuldbindingar stóraukist. Má þar nefna auknar og íþyngjandi kröfur í málefnum fatlaðs fólks sem fylgdu lögum nr. 38/2018, án þess að þeim fylgdi samsvarandi fjármagn. Einnig má nefna lög um félagsþjónustu sveitarfélaga en þeim hefur fylgt vaxandi hlutdeild sveitarfélaga í þjónustu við aldraða. Fleira mætti nefna en samhliða auknum kröfum ríkisins eru einnig vaxandi kröfur um aukna þjónustu úr nærsamfélaginu, t.d. hvað varðar aukna þjónustu á leikskólum á sama tíma og kallað er eftir enn lægri kostnaðarþátttöku foreldra í rekstarkostnaði þjónustunnar.

Að mati haustþings SSNV er nauðsynlegt að styrkja tekjustofna sveitarfélaga til að mæta þessari þróun. Gjaldaliðir og skyldur hafa aukist til muna en svigrúm til tekjuaukningar ekki komið á mót.

Innviðir Norðurlands vestra

- *Samgöngumál*
- *Orkuvinnsla og skattaumhverfið*

Samgöngumál:

Haustþing SSNV haldið 12. október 2023 í Húnaþingi vestra skorar á innviðaráðherra að tryggja aukið fjármagn til uppbyggingar og lagningu slitlags á núverandi vegakerfi Norðurlands vestra.

Ljóst er að fjármagn til nauðsynlegra samgöngubóta er langt frá því að vera nægilegt, en með sama áframhaldi mun taka 70 ár að byggja upp og laga með bundnu slitlagi núverandi malarvegi í landshlutanum. Þetta ógnar ekki bara öryggi vegfarenda um svæðið heldur er þetta ógn við búsetufrelsi fólks og uppbyggingu í landshlutanum. Samgönguáætlun 2024-2038 (þingsályktunartillaga) tekur heldur ekki nægilega mið af forgangsröðun samgönguverkefna í Samgöngu- og innviðaaætlun Norðurlands vestra 2022.

Orkuvinnsla og skattaumhverfið:

Haustþing SSNV haldið 12. október 2023 í Húnaþingi vestra skorar á umhverfis-, loftslags-, og orkumálaráðherra og fjármálaráðherra að tryggja jafna skiptingu tekna af auðlindanýtingu.

Haustþing SSNV leggur til að sveitarfélög og ríki hefji viðræður um hvernig tryggja megi nærsamfélögum um allt land eðlilegar tekjur af auðlindanýtingu og þannig skapað skilyrði til búsetufrelsis um land allt. Mikilvægt er að sveitarfélög hafi tækifæri til að byggja upp nauðsynlega innviði svo að nýting auðlinda geti orðið samfélagslega sjálfbær.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar kemur fram vilji til að skapa sátt um nýtingu auðlinda. Tölulegar staðreyndir staðfesta að nærumhverfið nýtur ekki sanngjarns ávinnings af þeirri orkuvinnslu og orkuflutningi sem á sér stað á Norðurlandi vestra. Við slíka stöðu er ekki hægt að una lengur með boðuð orkuskipti framundan. Haustþing SSNV hvetur ríkisstjórnina til að tryggja breytingar á lagaumhverfi orkuvinnslu sem skilar nærumhverfinu ávinningi, ásamt því að raforkuverð verði það sama í dreifbýli og þéttbýli.

Framlög til atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni og sóknaráætlana: Byggðapróun og atvinnuráðgjöf á landsbyggðinni

- *Viðbótarframlög til atvinnuráðgjafa á landsbyggðinni*

Haustþing SSNV haldið 12. október 2023 í Húnaþingi vestra skorar á innviðaráðherra og fjárlaganefnd Alþingis að tryggja nægt fjármagn til reksturs atvinnuráðgjafar landshlutasamtakanna.

Við samþykkt fjárlaga fyrir árið 2023 voru framlög til atvinnuþróunar hækkuð um 40 m.kr. sem var mikilvægt skref í að koma til móts við verðlags- og launahækkanir síðustu ára. Tillaga fjárlagafrumvarps 2024 er að draga þessa hækkun til baka. Aukningin sem fjárlaganefnd lagði til í fyrra er í fullu samræmi við bæði stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar, sem og samþykktu stefnu Alþingis í byggðamálum. Lækkun í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2024 myndi draga mjög úr þjónustu atvinnuráðgjafa á landsbyggðinni sem er óásættanlegt og úr takti við stefnu stjórnvalda.

Eigi atvinnuráðgjöf og verkefni tengd byggðapróun að standa undir nafni er mikilvægt að hækka framlagið til Byggðastofnunar. Augljóst er af framangreindu að brýn þörf er á að framlögin verði aukin í takt við þróun launavísitölu og aukinnar ásóknar í ráðgjöf hjá landshlutasamtökunum. Lögð er áhersla á að framlögin verði hækkuð í fjármálaáætlun og komandi fjárlögum til að treysta grunn þessarar mikilvægu starfsemi í landshlutunum.

Hlutverk atvinnuráðgjafa landshlutasamtakanna eru mikilvæg þegar kemur að vinnu við verkefni í Byggðaaætlun. Í aðgerðaráætlun Byggðaaætlunar eru tilgreind 43 verkefni. Landshlutasamtök sveitarfélaganna eru framkvæmdaaðilar í 5 af þeim verkefnum og samstarfsaðilar í 22 þeirra. Atvinnuráðgjafar landshlutasamtakanna gegna því mjög mikilvægu hlutverki í framgangi Byggðaaætlunar.

Sóknaráætlun Norðurlands vestra

- *Fjármagn til sóknaráætlunar verði aukið.*

Haustþing SSNV haldið 12. október 2023 í Húnaþingi vestra skorar á innviðaráðherra og fjármálaráðherra að draga til baka fyrirhugaða lækkun í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2024 á framlögum til sóknaráætlana.

Núgildandi samningur um sóknaráætlun tekur mið af fjárlögum hvers árs. Tillaga fjárlagafrumvarps 2024 er að lækka framlög til sóknaráætlana svo um munar eða úr 430 milljónum í 310 milljónir.

Undirbúningur að nýjum sóknaráætlunum fyrir tímabilið 2025-2029, hefst á næsta ári og ættu skilaboð stjórnvalda heldur að vera í þá átt að efla sóknaráætlanir. Það er því óásættanlegt að framlögin lækki frá því sem er. Slíkt væru einnig óæskileg skilaboð Alþingis varðandi stöðu sóknaráætlana inn í fjármálastefnu og fjármálaáætlun 2025-2029. Á grunni sóknaráætlunar hefur nú þegar verið hægt að hrinda í framkvæmd verkefnum þar sem sameiginlegir hagsmunir hvers landshluta fyrir sig eru hafðir að leiðarljósi. Þetta er nauðsynlegur stuðningur við svæðisbundin nýsköpunarverkefni, sprota og frumkvöðla.

Sama staða er uppi vegna fyrirhugaðs niðurskurðar til ferða- og markaðsmála sem grefur undan því mikilvæga markmiði að gera ferðaþjónustu að undirstöðu atvinnugrein á landsbyggðinni. Þá er augljóst að það mun draga úr þrótti við að byggja upp áfangastaði víða um land og dreifa þannig álagi af ferðamönnum. Á sama tíma og álgur á greinina eru auknar er lagt til í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2024 að draga úr bæði framlögum til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða og til reksturs áfangastaðastofa.

Haustþing SSNV fer fram á að tillögur fjármálaráðuneytisins um lækkun framlaga til sóknaráætlana landshluta um 120 m.kr verði dregnar til baka og framlögin þvert á móti hækkuð til samræmis við verðlagsþróun. Á sömu forsendum verði lækkunir dregnar til baka og bætt enn frekar í framlög til bæði Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða og til reksturs áfangastaðastofa.

Sóknaráætlanir eru farvegur sem hefur reynst vel fram til þessa við ráðstöfun opinbers fjármagns. Fjöldmörg tækifæri eru til að fjölga þeim verkefnum sem unnin eru í gegnum þær og nýta þannig það stoðkerfi í landshlutanum sem er til staðar. Er það vænlegri kostur en að búnar séu til litlar einingar um hin og þessi verkefni líkt og gert hefur verið að undanförunu.

Opinber störf á landsbyggðinni

Haustþing SSNV haldið 12. október 2023 í Húnaþingi vestra skorar á ríkisstjórn Íslands að standa við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarflokkanna þar sem m.a. er lögð áhersla á markmið um hlutfall opinberra starfa á landsbyggðinni, að fleiri störf hjá ríkinu verði óstaðbundin til að styðja við byggðapróun, og að hagrænum hvötum verði beitt í byggðapróun s.s. í gegnum Menntasjóð námsmanna.

Haustþing SSNV krefst þess að ríkisstjórn Íslands bregðist tafarlaust við og beiti markvissum aðgerðum til að opinberum störfum ríkisins á Norðurlandi vestra fjölgi verulega strax á árinu 2024.

Í ljósi metnaðarfullra markmiða ríkisstjórnarinnar er dapurleg staðreynd að skv. glænýrri könnun Byggðastofnunar á staðsetningu starfa á vegum ríkisins hefur opinberum stöðugildum ríkisins fækkað um 11 á Norðurlandi vestra á milli árána 2021 og 2022, á meðan opinberum störfum ríkisins fjölgaði í öllum öðrum landshlutum á sama tíma - samanlagt um 788 á landsvísu og þar af um 365 á höfuðborgarsvæðinu, 155 á Suðurnesjum og 147 á Suðurlandi.

Þingið skorar jafnframt á ríkisstjórnina að hrinda nú þegar í framkvæmd áherslum stjórnarsáttmálans um aðgerðir til eflingar byggðar um land allt.